

Enska 5. - 6. bekkur

Kennarar: Salóme Svandís Þórhildardóttir og Sif Hauksdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 3 kennslustundir á viku, þar af eina kennda í samkenndu með 4. bekk.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir ensku eru sett fram í fjórum flokkum.

Hlustun

- Að nemandi geti skilið einföld samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og byrjað að nýta sér í ræðu og riti. Að nemandi skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

- Að nemandi geti lesið stutta texta og auðlesna af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda grunnorðaförða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, fundið afmarkaðar upplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, lesið sér til gagns og gamans stuttar auðlesnar bækur.

Samskipti og frásögn

- Að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með orðaförða sem tengist efnistöfum

Ritun

- Að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki. Að nemendi geti lýst í einföldu máli því sem hann hefur lesið.

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag: *með fyrirvara um breytingar*

Námsleiðir:

Lögð er áhersla á leik og skapandi vinnu við þjálfun færniþáttanna hlustun, lestur, samskipti og frásögn. Stuðst er við kennsluaðferðir eins og hópvinnu, paravinnu og

einstaklingsvinnu. Nemendur vinna hópverkefni þar sem nemendur þjálfast í samvinnu. Nemendur kynna verkefnið fyrir bekkjarfélögum. Nemendur lesa a.m.k. eina léttlestrarbók og skila umsögn.

Námsefni:

Vinum með bækurnar Dickory, Duck, og Yes, we can 5, lesbók og vinnubók. Léttlestrarbækur. Valið lesefni tengt hinum ýmsu þemaverkefnum. Málfræðiæfingar. Gagnvirkt efni sem eflir orðaforða og verkefni frá kennara. Farið verður í bingó og leiki.

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Matstæki kennara eru kaflapróf, annarpróf, kynningar, mat á vinnubrögð við verkefni, sjálfsmat nemenda. Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Einkunnir eru gefnar í umsögnum.

ágúst – september	Upprifjun á efni, litir, tölur, vikudagar, mánuðir. Bókin Dickory.
September	Yes, we can 5 – lesbók og vinnubók Bókin Dock Bingóleikur með nöfnum á dýrum / mat / litir / vikudagar Hlustun – ensk saga og teiknað atvik úr sögunni.
Október	Yes, we can 5 – lesbók og vinnubók Málfræði: a og an Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins. Hlustun – fara eftir munnlegum fyrirmælum Leikir – Simon says.
Nóvember	Yes, we can - lesbók og vinnubók Lestur nemenda í frjálislestrarbók - úrdráttur Málfræðiæfingar og orðaforðaverkefni – this and that

	Spil. Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins.
Desember	Yes, we can 5 – lesbók og vinnubók Kahoot – þar sem unnið er með orðaforða mánaðarins. Horft á jólamynd

